

BORGARRÁÐ 7. júlí 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um heimgreiðslur - MSS22070056

Flokkur fólksins leggur til að teknar verði upp heimgreiðslur þ.e. að foreldrum verði boðið að þiggja mánaðarlegan styrk sem jafngildir niðurgreiðslum Reykjavíkurborgar fyrir leikskólapláss. Flokkur fólksins hefur ítrekað bent á að á meðan Reykjavíkurborg getur ekki veitt öllum yngstu börnunum leikskólapláss þá sé ein lausn að bjóða foreldrum mánaðarlegan styrk sem jafngildir niðurgreiðslum Reykjavíkurborgar fyrir leikskólapláss.

Greinargerð:

Heimgreiðslur, eins og styrkur sem þessi er oft nefndur var eitt af baráttumálum Flokks fólksins fyrir síðustu og þar síðustu sveitarstjórnarkosningar. Tillagan er lögð fram nú í ljósi alvarlegs ástands í leikskólamálu borgarinnar en mikill skortur er á leikskólaplássum í Reykjavík fyrir yngstu börnin. Nýlega barst borgarfulltrúum skeyti frá foreldrum sem fá ekki pláss fyrir 18 mánaða gamalt barn sitt. Í angist sinni hafa foreldrar reynt að ná eyrum embættismanna borgarinnar og leikskólanna sem taka ekki lengur síma enda hafa þeir engin svör. Flokkur fólksins telur að með því að bjóða foreldrum sem þess óska og sem geta nýtt sér heimgreiðslur allt þar til barn þeirra verður tveggja ára að þá muni það létta á biðlistum. Auk þess sem hér er um mikilvægan valkost að ræða fyrir foreldra. Fordæmi fyrir heimgreiðslum er í nokkrum öðrum sveitarfélögum